

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2011

2011/EES/54/32

frá 19. júlí 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1008/2008 falla úr gildi reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 2407/92 ⁽³⁾, nr. 2408/92 ⁽⁴⁾ og nr. 2409/92 ⁽⁵⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 64a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92) hljóði svo:

„**32008 R 1008:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „nema eins og kveðið er á um í samkomulagi við þriðja land sem Bandalagið er aðili að,“ í f-lið 4. gr. komi eftirfarandi:

„, Þó er unnt að veita flugrekstrarleyfi, sem hafa réttaráhrif á öllu EES-svæðinu, á grundvelli undanþágna frá þessari kröfu sem kveðið er á um í samningnum við þriðju lönd sem Bandalagið eða eitt eða fleiri EFTA-ríki eru aðilar að, að því tilskildu að sameiginlega EES-nefndin samþykki ákvörðun þess efnis.“

- b) Eftirfarandi bætist við í lok annarrar undirgreinar í 9. mgr. 16. gr.:

„, svo og svæðisflugvallar á Íslandi og í fjórum nyrstu fylkjum Noregs.““

2. Texti 65. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92) falli brott.

3. Texti liðar 66b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1008/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 53, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 67

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 15.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.